

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 415/2004**2007/EES/16/26**

frá 5. mars 2004

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (¹), einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 2099/2002 er COSS-nefndinni komið á fót.
 - 2) Hlutverk COSS-nefndarinnar er að miðstýra verkefnum nefndanna, sem komið er á fót samkvæmt löggjöf Bandalagsins um öryggi á höfunum, afstýra mengun frá skipum og vernda aðbúnað og vinnuskilyrði um borð.
 - 3) Í allri nýrri löggjöf Bandalagsins, sem er samþykkt á sviði öryggis á höfunum, skal skírskotað til COSS-nefndarinnar.
 - 4) Í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins (²) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE. Í stað þessarar nefndar kemur COSS-nefndin samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2099/2002.
 - 5) Í 28. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (³) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar nefndar.
 - 6) Í 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip (⁴) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar COSS-nefndarinnar.
- 7) Í 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa (⁶) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar COSS-nefndarinnar.
 - 8) Breyta skal 2. mgr. 2. gr. skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 með það fyrir augum að fella inn í hana tilvísun í gerðir Bandalagsins, sem hafa öðlast gildi eftir samþykkt þeirrar reglugerðar, þar sem nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) er veitt framkvæmdavald.
 - 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um öryggi á höfunum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002:

„p) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins (*),

q) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE (**),

r) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip (***),

s) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa (****).

(*) Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.

(**) Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.

(***). Stjtið. EB L 115, 9.5.2003, bls. 1.

(****) Stjtið. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2004, 9. júlí 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65, 23.12.2004, bls. 28.

¹) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.²) Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.³) Stjtið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19.⁴) Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.⁵) Stjtið. EB L 115, 9.5.2003, bls. 1.⁶) Stjtið. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

framkvæmdastjóri.
